

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKILUM Á HEIMALESTRI

HEIMALESTUR

Þegar grunur vaknar um **ófullnægjandi skil á heimalestri** skal skoða skráningar nemandans.

Miðað er við eftirfarandi viðbrögð vegna ófullnægjandi skila á heimalestri og stuðst við viðmið um fjölda **skráninga á Mentor vegna ólokins heimalesturs** við hvert þrep. Jafnframt er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers nemanda og að ávallt sé leitað eftir stuðningi frá Menntasviði Kópavogsbæjar og/eða Barnavernd Kópavogsbæjar sé talin þörf á því.

ÞREP 1 3-5 SKIPTI	ÞREP 2 6-8 SKIPTI	ÞREP 3 9-11 SKIPTI	ÞREP 4 12-14 SKIPTI	ÞREP 5 15 + SKIPTI
Ef nemandi hefur ekki náð viðmiði í 3-5 skipti á skólaárinu sendir kennari foreldrum tölvupóst til að upplýsa þá um stöðuna.	Ef nemandi hefur ekki náð viðmiði í 6-8 skipti á skólaárinu hringir umsjónarkennari í foreldra til að ræða stöðuna. Deildarstjóri er upplýstur um stöðu mála. Skrá í dagbók nemandans á Mentor að kennari hafi rætt við nemanda og foreldra um að nemandi sé kominn í þrep 2.	Ef nemandi hefur ekki náð viðmiði í 9-11 skipti á skólaárinu boðar umsjónarkennari foreldra og nemanda, ef við á, til fundar með deildarstjóra og gerð er áætlun um næstu skref. Skrá í dagbók nemandans á Mentor að fundur hafi átt sér stað og að nemandi sé kominn í þrep 3.	Ef nemandi hefur ekki náð viðmiði í 12-14 skipti yfir skólaárið boðar umsjónarkennari foreldra og nemanda til fundar, ef við á, með skólastjórnendum. Skrifleg tilkynning og áætlun um aðgerðir gerð í samvinnu við foreldra. Skráð í dagbók nemandans.	Ef nemandi hefur ekki náð viðmiði í 15 og fleiri skipti yfir skólaárið og engar úrbætur orðið þrátt fyrir fyrri áætlanir skulu skólastjórnendur tilkynna til Barnaverndar Kópavogs og upplýsa Menntasvið Kópavogs um stöðu mála. Í framhaldi er gerð ný áætlun um næstu skref. Skrá í dagbók.

Viðmið Vatnsendaskóla í heimalestri er að nemendur lesi fimm sinnum í viku undir handleiðslu foreldra og ætlast er til að foreldrar kvitti að lestri loknum. Umsjónarkennari fylgist með skráningum nemenda í heimalestri og skráir „heimalestri ólokið“ í Mentor þegar það á við.

VIÐBRÖGÐ VIÐ ÓFULLNÆGJANDI SKILUM Á HEIMANÁMI HEIMANÁM OG VERKEFNASKIL

Þegar grunur vaknar um **ófullnægjandi skil á heimanámi og verkefnaskilum** skal skoða skráningar nemandans.

Miðað er við eftirfarandi viðbrögð vegna **ófullnægjandi skila á heimanámi og verkefnum** og stuðst við viðmið um fjölda **skráninga á Mentor** við hvert þrep. Jafnframt er mikilvægt að viðbrögðin séu áætluð út frá stöðu hvers nemanda og að ávallt sé leitað eftir stuðningi frá Menntasviði Kópavogsbæjar og/eða Barnavernd Kópavogsbæjar sé talin þörf á því.

ÞREP 1 3-5 SKIPTI	ÞREP 2 6-8 SKIPTI	ÞREP 3 9-11 SKIPTI	ÞREP 4 12-14 SKIPTI	ÞREP 5 15 + SKIPTI
<p>Ef nemandi hefur ekki skilað heimanámi eða verkefnum í 3-5 skipti á skólaárinu sendir kennari foreldrum tölvupóst til að upplýsa þá um stöðuna.</p>	<p>Ef nemandi hefur ekki skilað heimanámi eða verkefnum í 6-8 skipti á skólaárinu hringir umsjónarkennari í foreldra til að ræða stöðuna. Deildarstjóri er upplýstur um stöðu mála. Skrá í dagbók nemandans á Mentor að kennari hafi rætt við nemanda og foreldra um að nemandi sé kominn í þrep 2.</p>	<p>Ef nemandi hefur ekki skilað heimanámi eða verkefnum í 9-11 skipti á skólaárinu boðar umsjónarkennari foreldra og nemandans, ef við á, til fundar með deildarstjóra og gerð er áætlun um næstu skref. Skrá í dagbók nemandans á Mentor að fundur hafi átt sér stað og að nemandi sé kominn í þrep 3.</p>	<p>Ef nemandi hefur ekki skilað heimanámi eða verkefnum í 12-14 skipti yfir skólaárið boðar umsjónarkennari foreldra og nemandans til fundar, ef við á, með skólastjórnendum. Skrifleg tilkynning og áætlun um aðgerðir send Menntasviði Kópavogsbæjar, ef við á. Skrá í dagbók nemandans.</p>	<p>Ef nemandi hefur ekki skilað heimanámi eða verkefnum í 15 og fleiri skipti yfir skólaárið og engar úrbætur orðið þrátt fyrir fyrri áætlanir skulu skólastjórnendur tilkynna til Barnaverndar Kópavogs og upplýsa Menntasvið Kópavogs um stöðu mála. Í framhaldi er gerð ný áætlun um næstu skref. Skrá í dagbók.</p>